

um frv. til laga um heimild til verðstöðvunar.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hvað er hér á ferð?

Aðallega uppprentun á lagafyrirmælum frá árinu 1960 um verðlagseftirlit, sem enn eru í gildi. Þessa uppprentun leggur ríkisstjórnin fyrir Alþingi og nefnir skjalið frumvarp til laga um heimild til verðstöðvunar. Þó flýtur eitt nýmæli með í frumvarpinu. Það er heimild handa ríkisstjórninni til þess að skipta sér af álagningu útsvara og aðstöðugjalda hjá sveitarfélögum á næsta ári.

Núverandi ríkisstjórn hefur alla sína stjórnartíð haldið því fram með miklum ákafa, að hún væri búin að gefa verzlunina frjálsa. En ef svo hefði verið í raun og veru, hefði stjórnin hlotið að leggja niður verðlagseftirlitið, því að opinbert verðlagseftirlit er þýðingarlaust, ef verzlunin er raunverulega frjáls. Ríkisstjórnin hefur hins vegar stöðugt haldið uppi kostnaðarsömu verðlagseftirliti og virðist ætla að gera það enn um sinn. Það háttalag má skoða sem yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um, að upphrópanir hennar um verzlunarfrælsi hafi verið og séu marklausar.

Verðlagseftirlit ríkisstjórnarinnar hefur verið framkvæmt af miklu alvöruleysi. Það sést best á því, að það hefur látið afskiptalaus starfsemi þeirra aðila, sem hafa byggt íbúðarhús til sölu, en verð einnar meðalstórrar íbúðar er nú komið upp í eina milljón króna, og þær stórkostlegu hækkunar, sem á síðustu árum hafa orðið á íbúðaverðinu, eru langþungbærasti þátturinn í dýrtíðinni.

Hagstofan birtir skýrslur um vísitölu byggingarkostnaðar. Árið 1959 var sú vísitala 132, en í okt. 1966 var hún komin upp í 298. Þetta sýnir 126% hækkun á byggingarkostnaði íbúða á stjórnarárum núverandi ríkisstjórnar. En á sama tíma sem þessi stórkostlega hækkun hefur orðið á byggingakostnaðinum, hefur húsnæðisliðurinn í vísitölu framfærslukostnaðar aðeins hækkað um 40%. Húsnæðiskostnaður meðalfjölskyldu er nú aðeins talinn tæpar 1200 krónur á mánuði, þegar vísitala framfærslukostnaðar er reiknuð út. Af þessu má sjá, að þær tölur, sem hér eru notaðar í útreikningi framfærsluvísitölunnar, eru í órafjarlægð frá veruleikanum, eins og hann kemur fram hjá þeim vaxandi fjölda manna, sem býr í nýju og dýru húsunum, og sú gífurlega hækkun, sem orðið hefur á húsnæðiskostnaðinum síðustu árin, er þannig ekki nema að mjög litlu leyti komin inn í kaupgjald þeirra.

Hér hefur verið nefnt dæmi um afskiptaleyfi verðlagsyfirvaldanna af þeim útgjaldalið, sem nú er erfiðastur viðfangs fyrir vaxandi fjölda manna, húsnæðiskostnaðinum. Mörg fleiri dæmi mætti nefna um gagnsleysi opinbera eftirlitsins. En margir treysta um of á eftirlit yfirvaldanna, í stað þess að líta sjálfir eftir verðlagi á vörum, sem þeir þurfa að kaupa. Í þessu efni eins og mörgum öðrum mun þó sjálfs höndin hollust.

Ríkisstjórnin nefnir þetta mál frumvarp til laga um heimild til verðstöðvunar. En það er enginn stöðvunarbragur á fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, sem nú liggur fyrir Alþingi. Samkvæmt því eru horfur á, að tekjur og gjöld ríkissjóðs verði yfir 20% hærri á árinu 1967 heldur en þau voru á fjárlögum ársins 1966. Og fregnir hafa borizt af því, að hjá fjölmennasta sveitarfélaginu á landinu, sem stjórnad er af sjálfstæðismönnum, muni álögurnar og útgjöldin á næsta ári hækka um fast að því 20%.

Þó að þetta frumvarp verði samþykkt, geta menn ekki gert sér vonir um, að verðbólgan verði stöðvuð. Til þess þarf miklu viðtækari aðgerðir. Það liggur í augum uppi, að þegar skattheimta og útgjöld ríkissjóðs hækka um meira en 20% á einu ári, er ekki um stöðvun að ræða, og ekki heldur á meðan hinum óbærilega húsnæðiskostnaði er að mestu leyti haldið utan við kaupgjaldsvísitöluna. Sá kostn-

aður hlýtur innan skamms að valda hækkun á kaupgjaldi og auka þar með dýrtíðina í Þjóðfélaginu. Það eru því blekkingar af hálfu stjórnarvaldanna, þegar þau halda því fram, að samþykkt þessa frumvarps muni leiða til verðstöðvunar, — enda eru nú alþingiskosningar á næsta leiti.

Það kemur fram í frumvarpinu og athugasemdum, er því fylgja, að réttur sex manna nefndarinnar og framleiðsluráðs landbúnaðarins til að ákveða verð á landbúnaðarafurðum, samkvæmt framleiðsluráðslögunum, er á engan hátt skertur með ákvæðum frumvarpsins, enda teljum við, að ekki geti komið til mála, að ríkisstjórnin fái heimild til að binda kaup bændanna frekar en verkamannakaupið. En eins og kunnugt er, á verðið á búvörum, lögum samkvæmt, að miðast við það, að laun bændanna verði í samræmi við launagreiðslur til annarra vinnandi stétta.

Þó að við höfum takmarkaða trú á gildi þess verðlagseftirlits, er núverandi ríkisstjórn heldur uppi, getum við fallizt á, að stjórnin hafi enn um sinn heimildir til eftirlits, eins og hún hefur haft að undanförnun, og einnig, að hún fái þá tíma- bundnu heimild til ihlutunar um málefni sveitarfélaganna, sem frumvarpið felur í sér. Það er því tillaga okkar, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 9. des. 1966.

Skúli Guðmundsson, Einar Ágústsson.
frsm.